

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Dalshrauni
<i>Fundarstjóri:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir	<i>Dagsetning:</i>	24.10.2018
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 14:30
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>	Henry Alexander Henrysson		
<i>Þátttakendur:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir, Ólafur Dýrmundsson, Sigríður Björnsdóttir, Erna Bjarnadóttir, Katrín Andrésdóttir og Sigurjón Njarðarson		

Dagskrá Fagráðs um velferð dýra 24. október 2018

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Umsókn um dýratilraun.
3. Önnur mál.

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt
2. Umsókn um dýratilraun

Verklegur dagur bráðainngripa í kindamódeli. Tilgangur verklegs dags bráðainngripa er að auka færni sérfræðinga og sérnámslækna í bráðalækningum á Landspítala í sérhæfðum inngripum í kjölfar alvarlegra slysa og valinna sjúkdóma. Kindur eru notaðar sem módel, dýrin fá róandi lyf og verkjastillingu fyrir aðgerð. Því næst eru þau svæfð og þeim haldið sofandi meðan á æfingunni stendur og aflífuð undir svæfingu við lok tilraunar. Fagráð veitir jákvæða umsögn um útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar frá desember 2018 til desember 2022.

3. Önnur mál

Hundar sem ganga lausir og limlesta eða drepa sauðfé í heimalöndum og á afréttum – Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands (DSÍ) lagði fram erindi og vildi athuga aðkomu Matvælastofnunar (MAST) í málum sem snúa að limlestingum og drápum lausagönguhunda á sauðfé í heimalöndum og afréttum. Í umfjöllun sinni kom fulltrúi DSÍ inn á að mál af þessum toga væru mjög alvarleg í ljósi dýravelferðar. Dýrbítar væru gjarnan gæludýr sem fá að ganga laus heima eða í almenningi og um væri að ræða tiltölulega fáa hunda. Jafnframt að gjarnan væri erfitt að sækja bætur fyrir það tjón sem þessir hundar yllu með dýrbiti.

Eftir nokkrar umræður samþykkti fagráð svo hljóðandi beiðni til Matvælastofnunar:

Fagráðið óskar eftir því að MAST skoði mál sem varða dýrbíta. Reglur um lausagöngu hunda þurfi að rannsaka, þar á meðal samþykktir sveitarfélaga. Einnig að kannað sé hlutverk allra opinberra aðila skv. lögum og reglugerðum og hlutverk allra viðbragðsaðila þegar upp kemur dýrbit. Fagráð bendir á að skerpa þurfi á með hvaða hætti samvinnu opinberra aðila (MAST, sveitarfélaga og lögreglu) er háttáð. Einnig óskar Fagráð þess að MAST kanni með hvaða hætti er staðið að skráningu tilfella hundsbits og hvernig því er viðhaldið. Að lokum óskar Fagráð þess að skoðað sé með hvaða hætti sé hægt að fræða eigendur hunda, þ.m.t. smalahunda, um rétta þjálfun, gæslu og aðra umönnun.

4. Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 14:30. Næsti fundur er áætlaður 28. nóvember 2018.